

## Fundargerð

18. fundur í fræðslu- og menningarnefnd, 25. okt. 2007.

Mætt voru: Guðni Örn Hauksson, Sigurður Jóhannes Jónsson, Ólöf Arnmundardóttir, Sigríður Jónsdóttir, Sigurður Ragnar Kristinsson og Helgi V. Tryggvason.

### Dagskrá.

Fyrir fundinum liggur eitt mál; möguleikinn á stofnun framhaldsdeildar á Þórshöfn. Sigurður Ragnar upplýsti fundarmenn um gang mála, hvernig þessi vinna (undirbúningsvinnan) var gerð á sínum tíma á Vesturlandi sem er framhaldsskólinn á Grundarfirði og hvernig það módel var hannað og þróað. Þar eru tölur og fjarfundarbúnaður mjög mikið notaður s.s. á Patreksfirði. Í okkar tilfelli væri Verkmennatarskólinn á Akureyri sá skóli sem Þórshöfn og nemendur hér hefðu tengingu við. Skólastjórinn á Grundarfirði hefur boðist til að aðstoða okkur við undirbúninginn. Hjalti Jón, skólameistari VMA er einnig tilbúinn að vera okkur innan handar. Sigurður nefndi að nauðsynlegt væri að ráða mann til að gera undirbúningsvinnu að framhaldsskóladeild með tilheyrandi kostnaði og vinna umsókn. Hann nefndi að mikill velvilji væri hjá ráðuneytunum til að styrkja svona hluti m.a. vegna minnkandi aflaheimilda sem mótvægisáðgerð. Sigurður Ragnar sendi til sambands ísl. sveitarfélaga, skólameistara Fjölbrotarskóla Snæfellinga, verkefnisstjóra við stofnun framhaldsskóladeildar í Vesturbyggð og aðstoðarskólameistara VMA bréf þar sem hann óskar eftir að vinna að undirbúningi og ráða tímabundið verkefnisstjóra og skipa nefnd honum til aðstoðar. Sú hugmynd kom upp að samnýta búnaðinn sem fyrir er í grunnskólanum og tilheyrir Fræþingi á Húsavík. Ekki má gleyma því að tilvonandi nemar sem myndu læra við VMA yrðu þátttakendur að auki í félagsliði skólans og kæmu þangað annað slagið. Sigurður Jóhannes nefndi sitt álit að hann teldi þetta vera hið besta mál en að nefndin myndi vera utan við þetta. Talsverðar umræður voru um að hafa með í umsókninni til ráðuneytisins samnýtingu á þeirri aðstöðu sem fyrir er, s.s. fjarfundarbúnaðinum og myndi þetta styrkja umsóknina. Eftirfarandi tillaga var borin upp í nefndinni. “Fræðslunefnd samþykkir að beina þeim tilmælum til sveitarstjórnar að ráða tímabundið verkefnisstjóra sem ætlað væri að vinna umsókn til menntamálaráðuneytisins um stofnun framhaldsskóladeildar á Þórshöfn. Hljóti sú umsókn jákvæða afgreiðslu ráðuneytisins leggur fræðslunefnd til að verkefnisstjórinn verði ráðinn til loka skólaárs og nefnd skipuð honum til aðstoðar“. Sigurði Ragnari er falið að fylgja málinu eftir gagnvart sveitarstjóra og setja væntanlegan starfsmann í málið ef af verður.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21:30.  
Helgi V. Tryggvason, ritari.